



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2018110055

22. nóvember 2018

Bakkastígur, bann við því að leggja milli Nýlendugötu og Mýrargötu

1. Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við vesturhlið Bakkastígs frá Mýrargötu að Nýlendugötu. Bannið sé táknað með B21.11.
2. Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við austurhlið Bakkastígs frá Nýlendugötu að Mýrargötu. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Á síðasta ári var samþykkt gjaldskylda á Nýlendugötu og Bakkastíg. Nú þegar komið hefur verið gjaldskyldu á svæðinu er nauðsynlegt að skerpa á því hvar er heimilt að leggja og hvar ekki. Bakkastígur er aðeins 5m breiður á þessum kafla en heimilt er að aka í báðar áttir. Einnig eru innkeyrslur á lóðir vestan götunnar. Til að tryggja að hægt sé að aka inn og út af lóðunum og að ökutæki geti mæst þarf að setja stöðubann við báða kanta götunnar. Að sögn íbúa við götuna hefur það aukist að lagt sé í götunni.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við báðar hliðar Bakkastígs milli Mýrargötu og Nýlendingugötu. Blái flöturinn sýnir gjaldsvæði Bílastæðasjóðs.



Mynd 2 Bakkastígur, horft til norðurs að Mýrargötu. Gatan er 5 m breið en almennt er miðað við að lágmarki 5,5 6m svo fólksbílar geti mæst.

